

krafa verið gerð vegna greiðslu stefnda Ragnars hinn 20. september 1979, að upphæð gkr. 361.000,00 í vexti af umræddu láni.

Pá ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda vexti svo sem í dómsorðum greinir.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður, sbr. 178. gr. laga nr. 85/1936.

Hlöðver Kjartansson, aðalfulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndu, Ragnar Magni Magnússon og Style hf., greiði stefnanda Stálvinnslnuni hf., in solidum kr. 6.448,50 með 31% ársvöxtum af kr. 38.270,- frá 7. maí 1980 til 12. s.m., en af kr. 6.448,50 frá þeim degi til 1. júní s.á., 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1982, 37% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags 20. s.m., en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsudags allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 10. nóvember 1986.

Nr. 289/1986. **Ákærvaldið**

gegn

**Magnúsi Friðrik Óskarssyni**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru er hann lýsti fyrir hér-

aðsdómara þegar eftir uppkvaðningu gæsluvarðhaldsúrskurðarins hinn 31. október 1986. Gögn málsins bárust Hæstarétti 5. þ.m.

Skilja verður kæru varnaraðilja þannig, að hann krefjist þess, að gæsluvarðhaldsúrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

### D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

### Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 31. október 1986.

Ár 1986, föstudaginn 31. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómar, kveðinn upp úrskurður þessi.

Í dag var í sakadómi Reykjavíkur kveðinn upp dómur í máli ákærvaldsins gegn Magnúsi Friðrik Óskarssyni vélgæslumanni, Ferjubakka 10 hér í borg, f. 17. september 1948. Var ákærði dæmdur í 5 ára fangelsi fyrir að hafa orðið eiginkonu sinni, Gunnhildi Gunnarsdóttur, fæddri 2. mars 1957, að bana með vísvitandi og stórháskalegri líkamsárás hinn 6. maí sl. Er brot ákærða talið varða við 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, sbr. 11. gr. 1. nr. 20/1981.

Dómþoli var fyrst úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi vegna máls þessa 7. maí sl. og hefur hann setið í gæsluvarðhaldi síðan.

Af hálfu ríkissaksóknara er gerð krafa til þess að dómþoli sæti áfram gæsluvarðhaldi til uppkvaðningar hæstaréttardóms í málinu, þó ekki lengur en til 1. júlí 1987, kl. 17.00. Gæsluvarðhaldskrafa ákærvalds er reist á 4. tl. 1. mgr. 67. gr. 1. nr. 74/1974.

Dómþoli hefur mótmælt þessari kröfu.

Mál þetta sætir áfrýjun sbr. 1. tl. 1. mgr. 175. gr. 1. nr. 74/1974.

Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 4. tl. 1. mgr. 67. gr. greindra laga þykir rétt að verða við kröfu ríkissaksóknara um áframhaldandi gæsluvarðhald dómþola.

### Þ v í ú r s k u r ð a s t:

Gæsluvarðhald Magnúsar Friðriks Óskarssonar framlengist til uppkvaðningar hæstaréttardóms í máli ákærvaldsins gegn honum, en þó ekki lengur en til 1. júlí 1987 kl. 17.00.